



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 537

Nieljohnius Ólafsson

(1890-1969)

og

Ólöf Sigurðardóttir

(1886-1967)

Skjalaskrá

Einkaskjalasafn nr. 537

Nieljohnius Ólafsson og Ólöf Sigurðardóttir

Formáli

Nieljohnius Ólafsson, verslunarmaður, var fæddur þann 21. desember 1890 í Reykjavík. Sumarið 1905 fór hann að vinna hjá Timbur- og kolaverslun Reykjavíkur sem sendill og síðan hjá Timbur og kol. Þegar Kol og salt h.f. var stofnað 1915 réðst hann þangað og starfaði þar síðan. Fyrstu árin hjá Kol og salt annaðist hann dreifingu kola, en 1921 tók við sölumannsstarfi. Nieljohnius lék fótbolta með Knattspyrnufélagi Reykjavíkur, var með í fyrsta opinbera knattspyrnuleiknum, sem fram fór í Reykjavík, vígsluleik gamla Melavallarins 11. júní 1911 er KR og Fram áttust við. Hann var miðframvörður í fyrsta Íslandsmeistaraliðinu í knattspyrnu 1919. Hann var heiðursfélagi í Knattspyrnufélagi Reykjavíkur, Karlakór Reykjavíkur þar sem hann var með frá stofnun 1926-1968, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur og var félagi í Reykjavíkurfélaginu.

Ólöf Sigurðardóttir, húsmóðir, var fædd 30. nóvember 1886. Hún tók mikinn þátt í íþróttum á yngri árum. Þau Nieljohnius og Ólöf gengu í hjónaband árið 1915 og bjuggu þau lengst af á Vesturgötu 26c. Börn þeirra eru þau Ragnar Benediktsson (1914-1922), Vilborg Jódís (1916-1920), Sigfríður (1920-) og Jónína (1923-2000).

Ólöf Sigurðardóttir andaðist 23. júlí 1967 og Nieljohnius Ólafsson 20. júlí 1969.

Jónína Nieljohniusdóttir var fædd 3. desember 1923 í Reykjavík og ólst upp í Vesturbænum. Hún brautskráðist frá Verslunarskóla Íslands árið 1941 og vann síðan hjá Ritsímanum. Hún stundaði hún nám í píanóleik í Tónslistarskólanum og vann einnig um árabíl sem læknaritari. Hún var virkur þátttakandi í íþróttum og keppti fyrir Knattspyrnufélag Reykjavíkur í ýmsum íþróttagreinum og var sæmd gullmerki félagsins. Einnig var hún í Tennis- og badmintonfélagi Reykjavíkur, þar sem hún var heiðursfélagi.

Jónína giftist, 21. desember 1946, Lárusi Michael Knudsen Guðmundssyni, fæddur 19. júní 1924 í Stykkishólmi. Foreldrar hans voru þau Lára Margrét Knudsen Lárusdóttir og Guðmundur Elías Símonarson. Lárus lauk námi í bifvélavirkjun, starfaði hjá Ræsi h.f. í 50 ár og var einn vetur í Stuttgart í Þýskalandi hjá Mercedes Bens fyrirtækinu á vegum Ræsis. Börn þeirra eru Ólafur (1947-), Guðmundur Elías (1949-), Ragnar (1952-), Lára Margrét (1958-) og Sigríður (1964-).

Lárus M. K. Guðmundsson andaðist 17. maí 1994 og Jónína 24. september 2000. (Heimild: *Morgunblaðið*, 28. júlí 1967, 25. júlí 1969, 27. maí 1994 og 29. september 2000)

Afhending: Ólafur Lárusson afhenti skjalasafn Nieljohniusar Ólafssonar og Ólafar Sigurðardóttur 15. maí 2014.

Innihald: Heillaóskaskeyti o.fl. úr dánarbúi Nieljohniusar Ólafssonar og Ólafar Sigurðardóttur Vesturgötu 26c.

Tími: 1911-1998.

Skjalaskrá

Askja 1

Bréfa- og málasafn 1911-1969.

Örk 1

Nieljohnius Ólafsson, heillaóskaskeyti 1911-1968.

Örk 2

Nieljohnius Ólafsson, heillaóskaskeyti á 60 ára afmæli 1950 og nafnalisti.

Örk 3

Nieljohnius Ólafsson, heillaskeyti á 70 ára afmæli 1960.

Örk 4

Nieljohnius Ólafsson, heillaskeyti á 75 ára afmæli 1965.

Umslag: Kort til Nieljohniusar Ólafssonar og Ólafar Sigurðardóttur vegna gullbrúðkaups þeirra 9. október 1965 og þakkarkort frá þeim.

Örk 5

Ólöf Sigurðardóttir, heillaóskaskeyti, 1924-1963.

Örk 6

Ólöf Sigurðardóttir, heillaóskaskeyti á 60 ára afmæli 1946.

Örk 7

Ólöf Sigurðardóttir, heillaóskaskeyti á 70 ára afmæli 1956 og 75 ára afmæli 1966.

Heillaóskaskeyti og umslag með kortum á 80 ára afmæli 1966.

Örk 8

Landsímastjórinn. N. (Nieljohnius) Ólafsson fær leyfi til að setja upp útvarpsmóttökutæki í húsinu nr. 26c við Vesturgötu, 29. apríl 1926, ljósrit.

Reglugjörð um loftnet og grunntengingu fyrir útvarpstæki frá 17. apríl 1926, ljósrit.

Umslag: Á það er ritað: *Lýðveldisdagurinn 20. maí 1944*. Í umslaginu er merki og aftan á það er ritað: *Lýðveldiskosningar 20. maí 1944, N. Ólafsson*, merki.

Húskveðja flutt við jarðarför Guðjóns Einarssonar prentara, 19 nóvember 1945.

Ahrif hvítasunnundans, kveðjuræða séra Ragnars Benediktssonar, flutt í Hrunakirkju á Hvítasunnudag 28. maí 1944.

Sannir boðsmenn, predikun eftir séra Ragnar Benediktsson flutt í Hallgrímsprestakalli í Reykjavík á 23. S.D. eftir þrenningarhátíð, 12. nóvember 1944.

Vesturbæingamót á Café Rosenberg, laugardaginn 27. mars 1926 kl. 8 síðdegis, auglýsing.

Höggmyndaskrá. Líklega höggmyndir í Reykjavík, án árs, ljósrit.

Öskupoki, á honum er ártalið 1933.

Örk 9

Samúðarskeyti og kort til Nieljohniusar Ólafssonar og fjölskyldu vegna andláts Ólafar Sigurðardóttur, 23. júlí 1967.

Þakkarkort frá Nieljohniusi Ólafssyni og fjölskyldu vegna andláts Ólafar Sigurðardóttur.

Þakkarkort frá fjölskyldu Nieljohniusar Ólafssonar vegna andláts hans, 20. júlí 1969.

Grafskrift Nieljohniusar Ólafssonar.

Askja 2

Bréfa- og málasafn 1923-1998.

Umslag: Minningarkort vegna Ólafar Sigurðardóttur.

Örk 1

Jónína Nieljohniusdóttir, fermingarskeyti, 31. október 1937.

Lárus M. K. Guðmundsson, fermingarskeyti, 24. apríl 1938.

Jónína Nieljohniusdóttir og Lárus M. K. Guðmundsson, skeyti á brúðkaupsdegi, 21. desember 1946.

Örk 2

Iðnskólinn í Reykjavík. Stundaskrá Lárusar M. K. Guðmundssonar bifvélavirkjanema, 4. bekkur D, 1945-1946.

Bréfspjald til Nínu frá frænku, 3. desember 1930.

Jóla kort til Lárusar Guðmundssonar og frú, 1946.

Grímudansleikur Verslunarmannafélags Reykjavíkur, danskort Lárusar Guðmundssonar, 2. desember 1944

Örk 3

Jónína Nieljohniusdóttir og Lárus M. K. Guðmundsson, heillaóskaskeyti 1948-1983.

Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur. Jónína Nieljohniusdóttir kjörin heiðursfélagi, 4. desember 1998, skjal.

Örk 4

Hólmfríður Sigurðardóttir, heillaóskaskeyti, 1923-1937.

Ljósmynd. Nieljohnius Ólafsson afgreiðslumaður hjá Kol & salt að gefur dráttarklár að drekka, ljósrit úr bókinni *Hér heilsuðust skipin*, 1. bindi, bls. 139, án árs.

Myndaalbúm: Íslenskar eimskipamyndir o.fl.

Myndaalbúm: Myndir af dýrum.

Skráð í maí 2014,
Gréta Björg Sörensdóttir